

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Húnaþingi vestra.

#### I. KAFLI Gildissvið.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir í Húnaþingi vestra.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur á þéttbýlisstöðum í Húnaþingi vestra; Hvammstanga, Laugarbakka, Borðeyri og á Reykjaskóla í Hrútafirði, þar sem reknar eru fráveitur í eigu Húnaþings vestra. Fráveita Húnaþings vestra er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins og eru allar lagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufrárási að fráræsum húseigna eign hennar. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Þá gildir samþykkt þessi um aðrar fráveitur í Húnaþingi vestra, svo sem rotþrær og siturlagnir, þar sem fráveita Húnaþings vestra nær ekki til. Samþykkt þessi tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa í Húnaþingi vestra.

#### II. KAFLI Fráveitur í þéttbýli.

##### 2. gr.

Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitna í þéttbýli í Húnaþingi vestra samkvæmt 2. mgr. 1. gr. og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveiturnar og veitir árlega til þess fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs. Framkvæmda- og umhverfissvið Húnaþings vestra fer með umsýjun, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu Húnaþings vestra í umboði sveitarstjórnar.

##### 3. gr.

Fráveita Húnaþings vestra veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

##### 4. gr.

Þar sem fráveita Húnaþings vestra er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir götufrárási frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsa-lögn. Framkvæmda- og umhverfissvið Húnaþings vestra ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

##### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

##### 6. gr.

Sérhver eigandi fasteignar á starfssvæði fráveitu Húnaþings vestra skal leggja og kosta fráveitulagnir frá húseign sinni og lóð að lóðarmörkum, í samræmi við lóðaruppdrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru. Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma. Á afstöðumynd skal sýna staðsetningu mengunarvarnabúnaðar vegna iðnaðarskólps.

##### 7. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Húnaþings vestra skal sækja um það til framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða

fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu Húnaþings vestra.

8. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Húnaþings vestra séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

9. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki og stuðla að réttri virkni rotþróa og mengunarvarnabúnaðar þar sem það á við. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim.

10. gr.

Þar sem hætta er talin á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráráesislagnir frá húseigendum vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

### III. KAFLI

#### Önnur hreinsivirki.

11. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Húnaþingi vestra, sem ekki er unnt að tengja við fráveitu sveitarfélagsins, skal leiða gegnum tveggja þrepa hreinsun, svo sem rotþró og siturlögn eða með öðrum hætti sem skilar sambærilegri hreinsun. Frárennsli skal hreinsa skv. ákvæðum samþykktar þessarar eða leiða í safntank. Stærð og staðsetning hreinsibúnaðar er háð samþykki og úttekt byggingarfulltrúa. Um stærð, gerð og frágang rotþróa fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

12. gr.

Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til niðursetningar hreinsibúnaðar, svo sem rotþróar eða safntanks, til framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa um staðsetningu.

Hreinsibúnaður svo sem rotþró, safntankur og lagnir eru eign húseiganda sem kostar niðursetningu og annan frágang svo og viðhald þeirra.

13. gr.

Afrennsli frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar.

14. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsíu innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 10 m. Fjarlægð frá rotþró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minna en 5 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur byggingarfulltrúi samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir. Að öðru leyti skal farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um niðursetningu rotþróa og siturlagna.

15. gr.

Allar lagnir vegna hreinsibúnaðar skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo þær séu ætíð frostfríar.

## 16. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu. Byggingarfulltrúa er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

## 17. gr.

Húnaþing vestra eða aðili á þess vegum annast hreinsun rotþróa og sambærilegra hreinsivirkja frá öllu húsnæði í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar.

Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins, skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Húnaþing vestra getur með samningi heimilað eiganda húseignar sem tengd er rotþró að annast sjálfur hreinsun. Hreinsunin skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi til holræsahreinsunar, sbr. 2. mgr. og í samningi skal kveðið á um tíðni hreinsana og skil á staðfestingavottorðum.

## 18. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum framkvæmda- og umhverfissviðs sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila tíðni hreinsunar. Rotþró skal þó ekki hreinsa sjaldnar en á þriggja ára fresti. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

## 19. gr.

Rotþró og önnur hreinsivirki skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki.

## IV. KAFLI

**Eftirlit.**

## 20. gr.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur eftirlit með fráveitum í Húnaþingi vestra í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar á ábyrgð byggingarstjóra/pípulagningameistara samkvæmt samþykktum teikningum.

Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

## V. KAFLI

**Fráveitugjald.**

## 21. gr.

Sveitarfélagið innheimtir stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðarmörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og V. kafla laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

## 22. gr.

Af þeim fasteignum í Húnaþingi vestra sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða gjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 23. gr.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

## 24. gr.

Gjaldið greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og V. kafla laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 25. gr.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra er heimilt að nýta sér ákvæði V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sömu laga um niðurfellingu eða lækkun til tekjulitilla elli- og örorkulífeyrisþega.

## 26. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá á grundvelli samþykktar þessarar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra til að standa undir kostnaði við söfnun og förgun seyru vegna hreinsivirkja samkvæmt ákvæðum III. kafla samþykktar þessarar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

## 27. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna hreinsunar rotþróa skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til eftirlitsaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann leitað til heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt þessari samþykkt til úrskurðarnefndar sem starfar skv. VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 28. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð, sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## 29. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 177/2005 um fráveitur í Húnaþingi vestra og samþykkt nr. 910/2004 um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. júní 2013.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Kjartan Ingvarsson.*